

Nd.

425. Nefndarálit

[96. mál]

um frv. til l. um breyting á skipulagsskrá nr. 79 18. sept. 1929 fyrir minningarsjóð hjónanna Halldórs Jónssonar og Matthildar Ólafsdóttur frá Suður-Vík og dætra þeirra, Guðlaugar og Sigurlaugar, til stofnunar elliheimilis fyrir Vestur-Skaftafells-sýslu og Eyjafjöll.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og mælir einróma með samþykkt þess.

Alþingi, 2. marz 1972.

Bjarnfríður Leósdóttir,
form.
Stefán Valgeirsson.

Bjarni Guðnason,
fundaskr.
Jón Skaftason.
Gylfi Þ. Gíslason.

Ragnhildur Helgadóttir,
frsm.
Ólafur G. Einarsson.

Fylgiskjal.

HÁSKÓLI ÍSLANDS
Lagadeild.

Reykjavík, 13. jan. 1972.

Umsögn um frv. til laga um breyting á skipulagsskrá nr. 79 18. sept. 1929.
(96. þingmál).

Heilbrigðis- og félagsmálanefnd neðri deildar Alþingis hefur óskað eftir umsögn lagadeildar um frumvarp til laga um breyting á skipulagsskrá nr. 79 18. sept. 1929 fyrir minningarsjóð hjónanna Halldórs Jónssonar og Matthildar Ólafsdóttur o. fl., en tilgangur sjóðs þessa er samkvæmt skipulagsskránni að stofna elliheimili til að annast framfærslu gamalmenna.

Helztu breytingar samkvæmt frumvarpinu eru í því fólgnar, að fleiri aðilum skal heimilað að leggja fé til sjóðsins en berum orðum er tekið fram í skipulagsskrá, að heimilað er að ávaxta peningaeign sjóðsins í lögleyfðum banka eða spari-sjóði í stað Söfnunarsjóðs Íslands, að ekki skal bundið takmörkunum, hve miklum hluta af höfuðstól peningaeignar sjóðsins megi verja til stofnunar elliheimilisins, að ekki er lengur gert ráð fyrir ókeypis vist á elliheimilinu og að elliheimilið á að vera í Vík í Mýrdal, en ekki á jörðinni Suður-Hvammi. Aðrar breytingar skipta litlu máli.

Af ofangreindu má ráða, að ekki er ætlunin með frumvarpinu, að gerðar verði breytingar á megintilgangi sjóðsins. Eru fyrst og fremst fyrirhugaðar breytingar á fyrirmælum skipulagsskrár um það, hvernig þessum tilgangi skuli náð, og um ávöxtun eigna. Samt er rétt að benda á þá breytingu, sem er í því fólginn, að ekki er lengur gert ráð fyrir ókeypis vist á elliheimilinu, en hana er að rekja til þess, að vonlaust eða vonlítið er talið, að sjóðurinn geti haft til þess nægilegt holmagn.

Telja verður tvímælaust stjórnskipulega heimilt að gera þessar breytingar á skipulagsskránni með lögum, þar sem um er að ræða breytingar, sem réttlætast af breyttum aðstæðum frá því, sem var við sjóðstofnun, og hafa auk þess ekki í för með sér veruleg frávik frá megintilgangi sjóðsins. Eru nokkur dæmi um það í íslenskri löggjöf, að breytingar hafi verið gerðar á skipulagsskrám einstakra sjóða með lögum, sbr. t. d. lög nr. 20/1953, nr. 55/1956, nr. 61/1963 og nr. 26/1970. Rétt þykir þó að benda á, að innan vissra marka fer dómsmálaráðuneytið með vald til þess að gera breytingar á skipulagsskrám sjóða, sbr. 20. tl. 3. gr. reglugerðar nr. 96/1969, um Stjórnarráð Íslands, þótt e. t. v. sé ekki svo ljóst sem skyldi, hversu viðtækt þetta vald er. Verður að telja ástæðu til, að valdsvið dómsmálaráðuneytisins að þessu leyti verði nánar afmarkað í framkvæmd eða með löggjöf, þar sem naumast verður til þess ætlað, að Alþingi fari í mjög ríkum mæli að gera með lögum breytingar á skipulagsskrám einstakra sjóða.

Með virðingu,

F. h. lagadeildar Háskóla Íslands.

Gaukur Jörundsson,
deildarforseti.

Til heilbrigðis- og félagsmálanefndar.